

Tónlistarskóli Snæfellsbæjar

Tónlistin

Öldum saman hefur tónlistin verið ríkur þáttur í lífi og starfi manna, gleði og sorgum. Tónlistin er óaðskiljanlegur hluti af menningararfi þjóða.

Tónlistarnám á að vekja ánægju og örva nemendur til að iðka tónlist og njóta hennar.

- Mikilvægt er að nemendur búi við jákvætt viðhorf til tónlistarnámsins, að foreldrar/forráðamenn sýni náminu áhuga og að þeir fylgist með framvindu þess.
- Hljóðfæranám byggist að miklu leyti á daglegri og reglubundinni þjálfun og er því að verulegu leyti heimanám. Án markvissra æfinga verður árangur rýr.
- **Tónlistarnám þarf að vera ánægjulegt og ánægjan felst ekki síst í stolti nemandans yfir eigin framförum og aukinni færni.**
- Eðlilegt er að áhugi nemenda sé ekki alltaf samur og jafn. Ef nemandi sýnir merki um uppgjöf er mikilvægt að kennari og foreldrar leiti orsaka og lausna.
- Hlustun er afar mikilvægur þáttur í öllu tónlistarnámi. Foreldrar geta lagt sitt af mörkum með því sækja tónlistarviðburði með börnunum.

Námsskipulagið í hnotskurn.

Tónlistarskóli Snæfellsbæjar kappkostar að mæta þörfum og óskum nemenda sinna eftir því sem frekast er kostur en í skólanum er boðið upp á einstaklingsmiðað nám þar sem þarfir hvers og eins eru hafðar í fyrirrámi. Í skólanum er hægt að stunda ritmískt og klassískt nám en boðið er upp á forskóla, hljóðfæradeild og söngnám.

Námskröfur / heimavinna

Tónlistarnám byggist á góðri samvinnu nemandans og kennara. Nemandi nýtur tilsagnar kennarans að meðaltali eina klst. í viku (2x30 mínútur) og fer því árangur námsins eftir því hversu vel nemendur stunda heimavinnu sína. Mikilvægt er að nemandinn fái góðan stuðning og hvatningu heima fyrir. Árangursríkara er að ungir nemendur æfi sig oft og skemur í senn en sjaldnar og lengur. Mikilvægt er að nemendur stundi námið af samviskusemi og standist þær kröfur sem skólinn gerir.

Meginmarkmið

- Að stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist, ásamt því að hlusta á og njóta hennar.
- Að stuðla að auknu tónlistarlífi í bænum i samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir.
- Að skólinn eigi á að skipa áhugasömu og hæfu starfsfólki.
- Að eiga gott samstarf við foreldra / forráðamenn nemenda.
- Að leggja áherslu á hagkvæmni í rekstri.

Almennar skólareglur

- Nemandi skal alltaf vera stundvís.
- Nemendur skulu kappkosta að ganga vel um skólann sinn. Sé nemandi staðinn að óviðunandi umgengni eru forráðamenn hans skaðabótaskyldir.
- Tilkynna skal forföll með eins góðum fyrirvara og unnt er.
- Ef kennari veikist er alltaf reynt að ná sambandi við heimili eða vinnustað foreldra. Ef kennari er veikur lengur en eina viku er reynt að bæta nemanda þá tíma sem hann missti af.
- Ætlast er til að nemendur fari úr skóm og yfirhöfnum í anddyri skólans. Gæta skal þess að skilja ekki eftir verðmæti í yfirhöfnunum.
- Vilji nemandi koma fram utan skólans er sjálfgefið að hann hafi samráð við kennara sinn.
- Ekið skal varlega um bílastæðið og rétt að brýna fyrir nemendum að gæta sína á umferð á stæðinu.
- Þegar óveður geisar gilda sömu reglur og í grunnskólum bæjarins þá er foreldrum í sjálfsvald sett hvort þeir sendi börn sín í skólann eða ekki.

Innritunarreglur fyrir Tónlistarskólann í Snæfellsbæ

- Nemendur sem stunda nám við Tónlistarskólann í Snæfellsbæ fá í byrjun maí ár hvert bréf frá skólanum þar sem þeim er boðið að endurnýja námsdvöl við skólann. Nemendur skulu staðfesta umsókn um skólavist næsta ár fyrir 24. maí.
- Um miðjan maí skal auglýsa eftir nýjum umsóknum um skólavist og á sama tíma á endurnýjun á umsóknum þeirra sem eru skráðir á biðlista eftir námi við skólann að eiga sér stað.
- Umsókn um nám í skólanum gildir eingöngu eitt skólaár og þarf að endurnýja árlega.
- Við endurnýjun á umsókn skapast forgangur miðað við þá sem eru að sækja um nám í fyrsta sinn.
- Við innritun í skólann geta stjórnendur í undantekningartilvikum vikið frá þessum reglum ef gildar ástæður eru til.
- Ef umsækjendur eru óánægðir með afgreiðslu umsóknar geta þeir óskað eftir umfjöllun skólanefndar Snæfellsbæjar.

Tónlistarskóli Snæfellsbæjar þriggja deilda skóli

Forskóli

Forskóli er í boði fyrir elsta árgang leikskólanna og 2 fyrstu bekkji grunnskólanna.

Markmið forskólakennslunnar er að búa nemandann undir hljóðfæranám. Í forskólanum er mikið um söng, hreyfingu og hlustun. Fljótlega er byrjað á að kenna nemendum undirstöðuatriðin á blokkflautu sem er mjög hentugt hljóðfæri fyrir ung börn.

Þegar börn hafa verið am.k. 1 ár í forskóla, en þó aldrei fyrr en við upphaf 2. bekkjar, gefst þeim kostur á að velja sér hljóðfæri og færa sig yfir í hljóðfæradeild. Slíkur flutningur getur þó einungis farið fram ef nemandi sýnir áhuga og getu til að stunda hljóðfæranám. Því miður er ekki tryggt að öll börnin komist að á hljóðfæri að forskólanum loknum.

Forskólakennsla fer fram í húsnæði tónlistarskólanna. Kennt er einu sinni í viku í 45 mínútur í senn. Kennsla fer ávallt fram í hóp og gert er ráð fyrir að um 4-5 nemendur séu í hverjum hópi.

Forskólanemendur taka þátt í öllum tónleikum og tónfundum sem gert er ráð fyrir á stundaskrá tónlistarskólans, en þeir taka engin próf.

Kostnaður vegna forskóla verður kr. 10.000.- pr önn, skólaárið 2011-2012.

Hljóðfæradeild

Hljóðfæradeild Tónlistarskóla Snæfellsbæjar skiptist í klassíska deild og ritmíska deild

Klassísk deild

Í deildinni leggja nemendur áherslu á að læra og njóta klassískrar tónlistar en einnig kynnast nemendur öðrum stíltegundum. Uppistaða námsins byggir á kjarngóðri þekkingu á tónfræðigreinum og einkatímum hjá vel menntuðu fagfólki. Í klassísku deildinni er spilagleði nemenda og ánægja í bland við jákvæðan aga ávalt í fyrirrúmi.

Kennt er á eftirfarandi hljóðfæri:

- **Tréblásturshljóðfæri (klarinet, þverflautu, blokkflautu og saxófón)**

Nám á Blokkflautu

Algengustu meðlimir blokkflautufjölskyldunnar eru sópranínó-, sópran-, alt-, tenór- og bassablokkflautur. Talsvert er til af kennsluefni og tónlist fyrir sópranblokkflautu en megnið af tónbókmenntum blokkflautunnar er fyrir altblokkflautu og því nauðsynlegt að nemendur hafi hana sem aðalhljóðfæri þegar á líður í náminu. Mikilvægt er að nemendur kynnist öðrum blokkflautum eftir því sem aðstæður og líkamsþroski leyfir.

Algengt er að nemendur hefji nám á sópranblokkflautu 6-7 ára gamlir, en 8-9 ára börn eru yfirleitt nógu stór til að hefja altblokkflautunám. Í upphafi

blokkflautunáms kemur til greina að ungir nemendur stundi nám á sópranínóblokkflautu og skipti síðan yfir á stærra hljóðfæri með auknum líkamsþroska.

Mikilvægt er að vanda val á hljóðfærum og grundvallaratriði er að nemendur stundi nám á blokkflautur með barokkgripum, allt frá upphafi námsins.

Nám á Klarínnett

Nemendum á klarínnett stendur til boða að leigja hentug byrjendahljóðfæri. Klarínnettan er mjög fjölhæft hljóðfæri. Hún er einkum notuð í klassískri tónlist en einnig í margs konar annarri tónlist. Tónsviðið er mikið, tæplega fjórar áttundir, og styrkleikasviðið einnig mjög breitt.

Klarínnettufjölskyldan er stór, 12 hljóðfæri talsins: As-sópranínóklarínetta, Essópranklarínetta, D-, C-, B-,A-klarínettur, A-bassetklarínetta, F-bassethorn, Es-altklarínetta, B-bassaklarínetta, Es-kontraaltklarínetta og B-kontrabassaklarínetta. Tónsvið klarínnettufjölskyldunnar nær yfir um það bil sjö áttundir alls. Langalgengust þessara hljóðfæra er B-klarínettan en mikill meirihluti klarínnettunemenda byrjar að læra á það hljóðfæri. A-klarínettan er oft notuð í klassískri tónlist og er því nauðsynleg langt komnum nemendum og atvinnuhljóðfæraleikurum. Einnig er æskilegt að nemendur á efri stigum kynnist og sérhæfi sig e.t.v. á eitthvert eftirtalinna hljóðfæra: Es-sópran, bassaklarínettu og bassethorn.

Flest börn geta hafið nám á B-klarínettu um 8-9 ára gömul, þó fer það eftir líkamsburðum og fingrastærð hvers og eins.

Nám á Þverflautu

Tónlistarskólinn hefur til útleigu þverflautur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir unga byrjendur sem henta nemendum frá átta ára aldri.

Algengast er að nemendur hefji þverflautunám 8-10 ára gamlir þó að dæmi séu um að nám hefjist fyrr. Ungum nemendum reynist oft erfitt að halda á þverflautu. Byrji nemendur mjög er nauðsynlegt að nota þverflautu með bognu munnstykki.

Mikilvægt er að nemandinn læri strax í upphafi að beita líkamanum á eðlilegan hátt og ná að halda flautunni í jafnvægi án áreynslu. Góð líkamsstaða stuðlar m.a. að opnum og óþvinguðum tóni.

Í þverflautufjölskyldunni eru fjórar flautur: piccoloflauta, c-flauta (venjuleg flauta), altflauta í g og bassafauta í c. Enn dýpri flautur eru til en eru afar sjaldgæfar. Í framhaldsnámi er æskilegt að nemandinn fái að kynnast piccoloflautunni enda er hún mikið notuð bæði í símfóníuhljómsveitum og lúðrasveitum. Einnig getur verið gott að kynnast altflautunni en hún er einkum notuð í 20. aldar tónlist.

Nám á Saxófón

Nám á saxófón getur hafist þegar nemendur hafa líkamlega burði til að leika á og ferðast með hljóðfærið. Algengast er að saxófónnám hefjist þegar nemendur eru 10-12 ára gamlir þó að dæmi séu þess að nemendur hafi byrjað fyrr. Oft þykir æskilegt að nemendur læri á annað minna og meðfærilegra tréblásturshljóðfæri fyrst og skipti svo þegar kennarinn telur henta. Þetta getur verið heppilegt en er þó alls ekki nauðsynlegt.

Algengustu meðlimir saxófónfjölskyldunnar eru sópran-, alt-, tenór- og barítónsaxófónar. Megnið af klassískum tónbókmenntum saxófónsins er skrifað fyrir altsaxófón. Algengast er því að nemendur læri á það hljóðfæri, einkum þeir sem áhuga hafa á klassískri tónlist. Nemendur, sem hyggja á framhaldsnám í saxófónleik á klassísku sviði, ættu að nota altsaxófón sem aðalhljóðfæri, a.m.k. frá miðprófi.

Val á saxófóni er ekki í jafn föstum skorðum þegar kemur að djass-, popp- og rokktónlist. Nemendur, sem leggja áherslu á slíka tónlist, geta haft hvaða saxófón sem er sem aðalhljóðfæri en alt- og tenórsaxófónar eru þó algengastir. Nám í djass-, popp- og rokktónlist fer fram samkvæmt námskrá í rytmískri tónlist. Öllum saxófónnemendum er hollt að kynnast fleiri en einum af meðlimum saxófónfjölskyldunnar einhvern tíma á námsferlinum.

- **Gítar**

Boðið er upp á klassískt gítarnám. Allir gítarnemendur ættu að eiga fótstig og nótnapúlt frá upphafi námsins. Mikilvægt er að nemendur sitji rétt með gítarinn og varist alla spennu í líkamanum.

Nokkur atriði varðandi nám á gítar

Á liðnum áratugum hafa fá hljóðfæri notið meiri vinsælda en gítarinn, jafnt í klassískri sem rytmískri tónlist. Auk þess er hann algengastur undirleikshljóðfæra við alþýðusöng.

Þessi námskrá fjallar um nám í klassískum gítarleik, þ.e. nám á klassískan gítar með nælonstrengjum, en fjallað er um rafgítarleik í námskrá í rytmískri tónlist.

Klassíski gítarinn á sér um tvö hundruð ára sögu í þeirri mynd sem við þekkjum hann í dag. Fjölbreyttar tónbókmenntir hljóðfærisins spanna hins vegar lengri tíma því að lútu- og gítartónlist endurreisnar- og barokktímans er oft flutt á klassískan gítar.

Algengast er að gítarnemendur hefji nám við átta til tíu ára aldur þó dæmi séu um yngri nemendur. Í upphafi gítarnáms er nauðsynlegt að nemendur hafi hljóðfæri við sitt hæfi. Ungir nemendur ættu að nota gítar í barnastærð eða þar til gerða klemmu á háls hljóðfærisins. Við tólf til þrettán ára aldur eiga flestir gítarnemendur að geta notað gítar í fullri stærð.

Almennt er miðað við að nemendur sem hefja nám í hljóðfæraleik 8 til 9 ára gamlir ljúki grunnnámi á um það bil þremur árum. Þessi viðmiðun er þó engan vegin einhlít þar sem nemendur hefja nám á ýmsum aldri og námshraði getur verið mismunandi.

- **Píanó**

Þeir nemendur sem læra á píanó þurfa að eiga aðgang að hljóðfæri heima. Æskilegast er að nemendur hafi píanó til æfinga heima, en þó geta byrjendur notast við hljómborð fyrst í stað. Mikilvægt er að hljóðfærið sé vel stillt og staðsett þar sem nemandi getur haft gott næði til æfinga. Fótskemill er æskilegur fyrir yngstu nemendurna.

Nokkur atriði varðandi nám á píanó

Píanóið er yngra hljóðfæri en margur hyggur, aðeins rúmlega tveggja alda gamalt. Tilurð þess byggir þó á nokkurra alda þróun ýmissa annarra hljómborðshljóðfæra.

Hér á landi voru píanó fágæt framan af en frá aldamótunum 1900 hefur píanóeign landsmanna aukist jafnt og þétt. Nú til dags skipta píanó hérlendis þúsundum, á heimilum, í skólum, tónleikasölum, samkomusölum og opinberum byggingum.

Vinsældir píanónáms eru miklar og sækist fólk á öllum aldri eftir að nema píanóleik. Algengast er að námið hefjist um 8 ára aldur og ljúki grunnnámi á um það bil þremur árum. Þessi viðmiðun er þó engan vegin einhlít þar sem nemendur hefja nám á ýmsum aldri og námshraði getur verið mismunandi.

Að loknu grunnnámi, í svokölluðu miðnámi, eykst umfang námsins frá því sem er í grunnnámi og ætla má að námstíminn lengist að sama skapi. Miðað er við að nemendur geti lokið miðnámi á um það bil fjórum til fimm árum en námshraði getur þó verið mismunandi. Ræður þar miklu ástundun, aldur og þroski nemenda.

Hefðbundið píanónám mótast að verulegu leyti af rótgrónu einleikshlutverki hljóðfærisins í tónbókmenntunum. Jafnframt er píanó mikilvægt samleikshljóðfæri og er samleikur af ýmsu tagi því mikilvægur þáttur í náminu og gefur því aukið félagslegt gildi.

- **Harmonika**

Flestir nemendur á harmóníku læra á hnappahljóðfæri með svo kölluðu c gripi. Þó er kennt á allar gerðir af harmóníkum og tekið tillit til þess hvaða hljóðfæri nemendur hafa aðgang að sjálfir.

Nokkur atriði varðandi nám á harmóníku

Þó að harmonika eigi sér tiltölulega skamma sögu í íslenskum tónlistarskólum hafa fá hljóðfæri notið jafnmikilla vinsælda meðal alþýðu manna. Harmonika var um langt árabíl leiðandi hljóðfæri í dans- og alþýðutónlist til sjávar og sveita. Í dag nýtur harmonikan enn sem fyrr vinsælda á þessu sviði en auk þess hefur á síðastliðnum áratugum verið samið talsvert af nútímatónlist fyrir harmoníku. Þá er einnig hægt að nota ýmiss konar eldri tónlist, sem samin var fyrir önnur hljóðfæri, auk sérstakra umritana fyrir harmoníku. Þannig spanna tónbókmenntir harmoníunnar víðara svið en margur hyggur.

Nám á harmoníku getur hafist þegar nemendur hafa líkamlega burði til að leika á hljóðfærið. Hefji nemendur nám á litlar harmoníkur er gert ráð fyrir að þeir skipti yfir á stærri hljóðfæri þegar áleiðis miðar í náminu og í samræmi við aukinn líkamsþroska. Þróun í harmoníkusmíði hefur verið ör á síðustu áratugum og eru harmoníkur nú fáanlegar í ýmsum stærðum og gerðum. Til eru viðeigandi hljóðfæri fyrir alla aldurshópa frá u.þ.b. fimm ára aldri.

Tvær grundvallargerðir eru til af harmoníkum. Annars vegar eru harmoníkur með tónbassa, þ.e. hljóðfæri með tveggja raða grunnbassa og fjögurra raða tónbassa í stað hljóma (Melody Bass, gjarnan skammstafað MB). Hins vegar eru harmoníkur með hljómbassa, þ.e. hljóðfæri með tveggja raða grunnbassa og fjögurra raða hljómunum (Standard Bass, gjarnan skammstafað SB).

Í þessari námskrá er miðað við að nemendur stundi nám á harmoníku með tónbassa en mögulegt er þó að stunda grunnnám á harmoníku með hljómbassa. Hefji nemendur nám á hljóðfæri með hljómbassa er gert ráð fyrir að þeir skipti um hljóðfæragerð eigi síðar en í miðnámi. Flestar harmoníkur með tónbassa hafa skiptirofa (konverter) og er þá einnig unnt að leika á hljóðfærið á sama hátt og harmoníku með hljómbassa.

Hnappaharmoníkur eru framleiddar með þrenns konar gripakerfi, þ.e. A-, B- og C-gripum. ðtbreiddast í heiminum er C-gripakerfið og er mælt með notkun slíkra hljóðfæra. Æskilegt er að nemendur hefji strax nám á hnappaharmoníku með tónbassa enda er mikill hluti tónbókmennta harmoníkkunnar skrifaður fyrir slík hljóðfæri. Auk þess býður notkun tónbassa upp á möguleika á flutningi píanó-,sembal- og orgeltónlistar á harmoníku. Eigi að síður er mikilvægt að nemendur kynnist einnig tónlist fyrir harmoníku með hljómbassa en sú tónlist á oft rætur að rekja til ýmiss konar þjóðlagatónlistar.

Ritmísk deild

Hugtakið rytmísk tónlist er safnheiti yfir djass, rokk og skyldar tónlistar-tegundir sem ekki teljast til klassískrar tónlistar í almennri merkingu þess hugtaks. Miðað er við að nám í rytmískri tónlist sé eins upp byggt og lúti sömu lögmálum og annað tónlistarnám sem skilgreint er í aðalnámskrá tónlistarskóla en viðfangsefni eru að miklu leyti önnur.

Viðfangsefni nemenda í rytmísku námi geta verið margvísleg og ættu allar gerðir rytmískrar tónlistar, þ.m.t. djass, popp, rokk og ólíkar gerðir heims-tónlistar, að geta rúmast innan námsins eftir óskum nemenda, áherslum og aðstæðum á hverjum stað.

Æskilegt er að nemendur í grunnnámi kynnist eins fjölbreyttri rytmískri tónlist og kostur er. Í mið- og framhalds-námi er aukin áhersla lögð á djasstónlist sem nokkurs konar þungamiðju í náminu þó að áfram sé rúm aðrar gerðir rytmískrar tónlistar. Ástæður þessa eru meðal annars mun lengri kennsluhefð og meira námsefnis-framboð í djasstónlist en í öðrum gerðum rytmískrar tónlistar.

Þá má benda á að við lok framhaldsnáms er gert ráð fyrir að nemendur séu undir það búnir að takast á við háskólanám í rytmískri tónlist en víðast hvar er slíkt nám mjög djassmiðað.

Upphaf náms

Nám í rytmískri tónlist getur hafist á ýmsum aldri. Sumir nemendur hefja tónlistarnám með rytmísku sniði en aðrir stunda hefðbundið tónlistarnám áður en rytmískt nám hefst. Þá er ótalinn sá hópur sem kynnist rytmískri tónlist meðfram hefðbundnu tónlistarnámi eða alfarið upp á eigin spýtur. Þessi fjölbreytti bakgrunnur og ólíki aldur nýnema í rytmískri tónlist kallar á sveigjanleika í námsframboði og kröfum, einkum í fyrri hluta námsins. Í ljósi þessa er boðið upp á tvær grundvallarleiðir til að hefja nám í rytmískri tónlist, annars vegar geta nemendur stundað rytmískt nám frá byrjun og hentar þessi leið t.d. vel fyrir nemendur á rafgítar, bassa og trommur. Hins vegar er mögulegt, að nemendur, sem lokið hafa almennu grunnprófi á sitt hljóðfæri, hefji rytmískt tónlistarnám í miðnámi. Þessi leið á vel við eðli blásturs- og strokhljóðfæra.

Tengsl við nám í klassískri tónlist

Almennt er gert ráð fyrir að nemendur í íslenskum tónlistarskólum stundi annaðhvort hefðbundið tónlistarnám eða nám í rytmískri tónlist. Í báðum tilfellum eru megináfangarnir þrír, grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Mögulegt er að skipta á milli námsleiða, þ.e. að fara frá klassísku námi yfir í rytmískt og öfugt. Nemandi, sem lokið hefur klassísku grunnprófi, þarf ekki nauðsynlega að taka rytmískt grunnpróf áður en hann tekst á við miðnám í rytmískri tónlist. Við lok miðnáms þarf hann hins vegar að hafa náð öllum markmiðum rytmískrar námskrár bæði í grunn- og miðnámi og má því gera ráð fyrir að námstíminn lengist sem því nemur. Hið sama gildir að sjálfsögðu um nemanda sem fer frá rytmískri tónlist yfir í klassíska. Á sama hátt getur nemandi, sem lokið hefur miðprófi í einum tónlistarstíl, farið beint í framhaldspróf í öðrum að því gefnu að öllum markmiðum fyrri áfanga beggja stíla hafi verið náð. Bent er á að ekkert er þó því til fyrirstöðu að nemandi, sem lokið hefur einu áfangaprófi, taki sama próf í öðrum tónlistarstíl telji kennari og nemandi það heppilegt. **Ofangreindar reglur eiga ekki við ef nemandi skiptir um hljóðfæri. Í slíkum tilfellum þarf alltaf að byrja frá grunni.**

Kennt er á eftirfarandi hljóðfæri:

- **Rafgítar**

Á liðnum áratugum hafa fá hljóðfæri notið meiri vinsælda en gítarinn. Hann er vinsæll í klassískri tónlist og djasstónlist en nánast ómissandi í rokk-, blús- og popptónlist. Auk þess er hann algengastur undirleiks-hljóðfæra við alþýðusöng. Miðað við flest önnur hljóðfæri á rafgítarinn sér stutta sögu. Fyrstu heimildir um rafgítar eru frá 1932 og fyrsta upptaka frá 1938. Það var einkum þörfin fyrir hljómsterkari gítar í stórsveitum sem varð til þess að rafgítarinn var fundinn upp. Ólíkt klassískum gítar, sem er með nælonstrengjum, eru stálstrengir í rafgítarnum. Hljóð frá strengjunum er numið af „pick up“ gítarsins sem breytir því í rafbylgjur sem síðan eru sendar með snúru í gítarmagnara þar sem hægt er að hafa áhrif á tóninn og magna upp hljóðið nánast endalaust. Tilgangur tækninnar er að hljóðfæraleikarinn öðlist annars vegar góðan og persónulegan tón en hins vegar breytilegan tón, viðeigandi fyrir ólíka tónlistarstíla. Mikilvægt er því að gítarnemendur öðlist haldgóða þekkingu á mögnurum, jaðartækjum og tónbreytum. Oftast er leikið á rafgítar með gítarnögl en einnig með fingrum og stöku sinnum með fiðluboga eða með ýmsum öðrum óhefðbundum ásláttaraðferðum. Margir rafgítarleikarar byrja að spila ungir að aldri og flestir nemendur geta notað venjulegan rafgítar frá um það bil 10 ára aldri. Til eru rafgítarar í barnastærð en þeirra er yfirleitt ekki þörf og það eru sjaldan vönduð hljóðfæri. Rafgítarleikarar byrja oft ekki í hefðbundnu námi fyrr en þeir hafa leikið á hljóðfærið í nokkur ár. Þeir eru því oft nokkuð vel að sér varðandi algengustu hljóma en hafa yfirleitt litla eða enga reynslu í nótnalestri er þeir hefja nám. Nauðsynlegt er að taka mið af þessu í kennslunni. Einnig er mikilvægt að kenna nemendum rétta líkamsbeitingu og að varast alla spennu í líkamanum þegar leikið er.

- **Bassagítar**

Rafbassinn er ungt hljóðfæri. Hann var fundinn upp á fjórða áratug síðustu aldar en komst fyrst í almenna notkun upp úr 1950. Rafbassinn er ómissandi í rokk-, popp- og blústónlist en einnig notaður nokkuð í djass-tónlist. Hljóð frá strengjum bassans er numið af „pick up“ sem breytir því í rafbylgjur sem síðan eru sendar með snúru í

bassamagnara þar sem hægt er að hafa áhrif á tóninn og magna upp hljóðið nánast endalaust. Tilgangur tækninnar er að hljóðfæraleikarinn öðlist annars vegar góðan og persónulegan tón en hins vegar breytilegan tón, viðeigandi fyrir ólíka tónlistarstíla. Mikilvægt er því að bassanemendur öðlist haldgóða þekkingu á mögnurum, jaðartækjum og tónbreytum. Oftast er leikið á rafbassa með fingrunum en stöku sinnum með nögl. Flestir nemendur geta notað venjulegan rafbassa frá um það bil 10 ára aldri. Þó að til séu rafbassar í barnastærð er þeirra því yfirleitt ekki þörf. Margir rafbassaleikarar byrja að spila ungir að aldri. Þeir byrja þó oft ekki í hefðbundnu námi fyrr en þeir hafa leikið á hljóðfærið í allnokkur ár. Nemendur eru því oft nokkuð vel að sér varðandi algengustu hljóma en hafa yfirleitt litla eða enga reynslu í nótnalestri er þeir hefja nám. Nauðsynlegt er að taka mið af þessu í kennslunni. Einnig er mikilvægt að huga að tvíþættu hlutverki bassans í rytmískri tónlist, bæði sem undirleiks- og einleikshljóðfæris í ólíkum stílum rytmískrar tónlistar.

- **Trommur**

Trommusettið telst vera ungt hljóðfæri þó að einstakir hlutar þess eigi sér flestir langa sögu. Með tilkomu bassatrommupedala um aldamótin 1900 varð mögulegt fyrir einn trommuleikara að gegna hlutverki tveggja með því að leika á sneriltrommu og bassatrommu samtímis. Þar var kominn kjarni hljóðfærisins sem síðan hefur verið í stöðugri þróun en um 1930 tók trommusettið á sig þá mynd sem er ríkjandi í dag með pedölum fyrir báða fætur auk margvíslegra tromma og gjalla sem leikið er á með mismunandi sleglum. Eftir því sem stílbrigðum rytmískrar tónlistar hefur fjölgað hefur sérhæfing orðið meiri með tilheyrandi fjölbreytileika hljóðfærisins. Um miðbik 20. aldar fór að koma fram kennsluefni fyrir trommusettið og hefur sú útgáfa aukist æ síðan. Í dag er framboð af bókum og myndefni orðið mjög fjölbreytt. Þungamiðja þessarar námskrár er trommusettisleikur samkvæmt afrísk-amerísku hefðinni en jafnframt er klassískur sneriltrommuleikur mikil-vægur grundvallarþáttur í öllu náminu. Einnig er afrísk-latnesku hand-slagverki gerð nokkur skil. Aðalhljóðfæri í grunn-, mið- og framhaldsnámi eru trommusett og sneriltromma. Í grunnnámi er gert ráð fyrir að nemendur nái að auki tókum á algengustu slagverkshljóðfærum, s.s. hristum, tambúrínunum og handtrommum. Einnig er æskilegt að nemendur kynnist helstu klassísku ásláttarhljóðfærunum eftir því sem aðstæður leyfa. Í mið- og framhalds-námi aukast kröfur á handslagverk, s.s. congatrommur, timbales og spila-tækni á viðkomandi hljóðfæri. Bent er á að hoptímar geta verið heppilegur vettvangur fyrir kennslu á ofangreind aukahljóðfæri.

Eðli málsins samkvæmt hefur trommusettið sérstöðu hvað varðar tónmálspáttinn meðal annarra hljóðfæra og söngs sem falla undir í rytmískri tónlist. Þar af leiðandi eru tækniæfingar algerlega miðaðar við slag-tækni, samhæfingu og getu til að leika og spinna út frá mismunandi takbrigðum.⁶² Í aðalnámskrá tónlistarskóla er kveðið á um samræmdar kröfur í tónfræðum sem haldast í hendur við lok allra námsáfanga. Mikilvægt er að nemendur á trommusett stundi þetta nám eins og aðrir, sem og fjölbreytt samspil í ólíkum hópum á víðu sviði rytmískrar tónlistar. Til að nám geti hafist á trommusett þarf nemandi að hafa líkamlega burði til að valda auðveldlega trommukjuðum og ná til gólfs með báðum fótum þegar setið er á trommustól. Til eru ýmsar gerðir trommusetta fyrir unga byrjendur en hljóðfæri sem fyrir hendi eru í tónlistarskólum eru yfirleitt af miðlungsstærð en þó stillanleg í mismunandi hæð eftir atvikum. Það ættu ekki að vera vandkvæði á að nemendur frá u.þ.b. 8 ára aldri geti hafið nám þó einhverjar málamiðlanir gætu þurft að koma til fyrstu árin. Nauðsynlegt er að þeir tónlistarskólar sem bjóða upp á kennslu á trommusett eigi þau hljóðfæri sem

Þörf er á samkvæmt námskrá og þeim námsstigum sem kennt er á. Æskilegt er að nemendur hafi aðgang að hljóðfærum til æfinga í skólanum. Mikilvægt er að kennsluaðstaða sé góð og viðeigandi hjálpar-búnaður til staðar fyrir yngstu nemendurnar, svo sem stólar og hljóðfæri sem hægt er að setja í lága stöðu. Frá upphafi náms þarf nemandi að hafa til umráða trommusett, æfinga-platta og kjuða af heppilegri stærð og þyngd. Þó að rafmagns- og æfinga-trommusett geti í vissum tilfellum hentað vel til heimaæfinga og jafnvel kennslu, er afar mikilvægt að nemendur öðlist verulega reynslu í leik á hefðbundið trommusett. Á öllum áfangaprófum skal nemandinn leika á hefðbundið trommusett. Til að ná tókum á tónfræðagreinum er æskilegt að nemandi hafi aðgang að krómatísku hljóðfæri, s.s. píanói, hljómborði, víbrafóni eða gítar.

Söngnám

Söngnám hefur talsverða sérstöðu samanborið við hljóðfæranám. Hljóðfæri söngnemandans, röddin, er hverjum og einum gefin. Hún er hluti líkamans, einstök og óendurnýjanleg. Bakgrunnur nemenda, sem hefja söngnám samkvæmt rytmískri námskrá, er mjög breytilegur. Sumir hafa stundað hljóðfæranám frá unga aldri, aðrir sungið með hljómsveitum eða tekið þátt í markvissu kórstarfi, stundað klassískt söngnám eða ekki hlotið neina formlega tónlistarþjálfun. Taka þarf tillit til þessara atriða í náminu. Þau geta haft áhrif á framvindu námsins og því getur námshraði nemenda í söng verið afar mismunandi. Nám í söng getur hafist þegar nemendur hafa náð líkamlegum þroska og raddir þeirra stöðugleika eftir breytingar gelgjuskeiðsins. Á undanförunum áratugum hefur meðalaldur byrjenda verið 16 til 18 ár en á síðustu árum hefur sá aldur færst neðar. Raddþroski er þó mjög einstaklingsbundinn og meta verður hvern einstakling sérstaklega.

Söngnám gerir um margt aðrar kröfur til nemenda en hljóðfæranám í rytmískri tónlist.

Söngnemar þurfa meðal annars að fást við textatúlkun, framburð og míkrofóntækni. Þá gera ólíkir stílar rytmískrar tónlistar kröfur um mismunandi raddbeitingu. Spuni er þungamiðja í rytmísku tónlistarnámi og þurfa söngnemar að fást við hann eins og aðrir þó að forsendur séu um margt aðrar. Sumt er varðar spuna er léttara fyrir söngvara en annað mun erfiðara. Enn eitt atriði, sem greinir söngvara frá öðrum tónlistarmönnum, er sú staðreynd að þeir eru nánast alltaf í aðalhlutverki þegar þeir eru þátttakendur í hljómsveit. Þetta undirstrikar mikilvægi framkomu og samskipta við áheyrendur fyrir söngvara, umfram aðra. Mikilvægt er að söngnemunum gefist kostur á tilsögn í ofan-greindum efnunum sem og reglulegum undirleikstímum. Þá er æskilegt að söngnemar fái eins fjölbreytta reynslu og mögulegt er af starfi með mismunandi stærðum og gerðum hljómsveita í fjölbreyttum stílum rytmískrar tónlistar.

Grunnám

Að jafnaði má gera ráð fyrir að söngnemendur ljúki grunnámi á einu til tveimur árum. Þessi viðmiðun er þó engan veginn einhlít þar sem undirbúningur nemenda er breytilegur og námshraði getur verið mismunandi.

Um söngnámið

Gert er ráð fyrir að söngnám hefjist almennt ekki fyrr en eftir 10 ára aldur. Fyrir börn yngri en 10 ára, en vilja læra söng, er Barnakór Snæfellsbæjar góður undirbúningur.

Lögð er áhersla á nótnalestur, tónheyrn og tónfræði með söngnámi og er námsefni valið í samráði við kennara.